



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 6/2025

## **Auglýsingar Samkaupa á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum**

### **I.**

#### **Málsmeðferð**

##### **1.**

Í kjölfar úttektar Neytendastofu á auglýsingum verslana með nikótínvörur og rafrettur sendi stofnunin bréf, dags. 6. desember 2024, til Samkaupa hf., rekstraraðila Krambúðanna. Greindi stofnunin frá athugasemdum sem hún gerði við markaðsefni félagsins.

Gerði stofnunin grein fyrir ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, ásamt ákvæðum laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Tók stofnunin m.a. fram að fyrirtækjum sé óheimilt að sýna neyslu eða hvers konar meðferð á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum í auglýsingum sínum. Þá sé söluaðilum jafnframt óheimilt að auglýsa vörumerki framleiðanda slíkra vara, ásamt auglýsingum ákveðinna vara, í því skyni að auka sölu á þeim. Seljendum sé þ.a.l. óheimilt að birta auglýsingar á einstaka vörumerkjum og ákveðnum vörum á samfélagsmiðlum sínum, óháð birtingarmynd viðkomandi auglýsingar, séu þær birtar til að auka sölu slíkra vara.

Inni í verslunum Krambúðanna mæti finna mynd sem líktist dósnum fyrir nikótínþúða þar sem fram kæmi að verð á stykki sé 799 kr. en lækkað verð sé 699 kr. ef keyptar væru fimm dósir. Tiltók stofnunin að umrædd mynd sem staðsett væri inni í verslunum félagsins kynni að fela í sér auglýsingu á nikótínvörum og þ.a.l. kæmi til skoðunar hvort hún fæli í sér brot gegn 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018.

Þá benti stofnunin á að á samfélagsmiðlum félagsins, með áherslu á Facebook og Instagram, megi enn fremur finna mynd sem líkist dósnum fyrir nikótínþúða. Stofnunin telji það koma til skoðunar hvort framangreindar auglýsingar feli í sér brot gegn 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018.

Í bréfinu kom einnig fram að stofnunin teldi ákvæði 1. mgr. 13. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005 koma til álita í málinu.



Óskaði stofnunin eftir skýringum eða athugasemdum félagsins við erindið.

## 2.

Í svarbréfi félagsins, dags. 6. janúar 2025, kom fram að á umræddri mynd sem erindi stofnunarinnar varði, megi sjá hvítan sívalning á grænum grunni. Engar merkingar séu á sívalningnum en á textanum sé að finna upplýsingar um lækkað verð. Eitt stykki kosti 799 kr. og ef keypt séu fimm stykki þá sé stykkjaverðið 699 kr. Tiltekið sé að samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018 þá séu hvers konar auglýsingar á nikótínvörum, rafrettum eða áfyllingum rafrettna bannaðar. Þá sé samkvæmt ákvæðinu bannað að sýna neyslu eða hvers konar meðferð nikótínvara, rafrettna eða áfyllinga í auglýsingum. Í athugasemdum við ákvæðið sé vísað til 5. mgr. 20. gr. tilskipunar 2014/40/ESB en þar segi að ríki skuli tryggja að viðskiptaorðsendingar varðandi þjónustu í upplýsingasamfélaginu, fréttamiðlum og öðru útgefnu prentuðu efni, sem hafi það að markmiði eða hafi þau áhrif beint eða óbeint að kynna rafrettur og áfyllingar rafrettna, séu bannaðar. Bendi félagið á að auglýsingar séu samkvæmt 1. tölul. 3. gr. laga nr. 87/2018 skilgreindar sem sú athöfn þegar vöru eða vörumerki sé komið á framfæri við almenning í því skyni að auka sölu. Samkaup telji umrædda mynd sem Neytendastofa geri athugasemdir við ekki falla undir bann laga nr. 87/2018 við auglýsingum á nikótínvörum. Félagið vísi til athugasemda stofnunarinnar um að af 11. gr. laganna leiði að fyrirtækjum á markaði sé óheimilt að sýna neyslu eða hvers konar meðferð á nikótínvörum í auglýsingum auk þess sem óheimilt sé að auglýsa vörumerki framleiðanda slíkra vara ásamt auglýsingu ákveðinna vara í því skyni að auka sölu þeirra.

Samkaup bendi á að á myndinni sé hvergi að finna tilvísun til þess að um nikótínvörur sé að ræða, né sýni hún neyslu eða aðra meðferð á nikótínvörum. Myndin innihaldi ekki vörumerki neins framleiðanda auk þess sem ekki verði séð að myndin sé sett fram í því skyni að auglýsa ákveðna vöru í því skyni að auka sölu hennar. Bent sé á að bæði sé alls óljóst af myndinni hvaða vöru sé vísað til og ekki verði séð að umrædd mynd sé með nokkru móti til þess fallin að auka sölu á neinni ákveðinni vöru eða vörum yfirleitt.

Myndin feli eingöngu í sér upplýsingar um verð en samkvæmt 17. gr. laga nr. 57/2005 beri fyrirtækjum sem selji vörur til neytenda að merkja vöru sína eða þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Þá bendi félagið á að það selji vörur sem innihaldi ekkert nikótín í sambærilegum umbúðum og nikótínþúðar eru í.

Að lokum tiltaki Samkaup að ákvæði 11. gr. laga nr. 87/2018, um bann við auglýsingum á nikótínvörum, feli í sér takmörkun á stjórnarskrárbundnum réttindum til tjáningar og því beri að túlka ákvæðið þröngt. Ekki verði því séð að mögulegt sé að beita ákvæðunum um umrædda mynd sem Neytendastofa vísi til í bréfi sínu og byggir á að falli undir fyrrgreint ákvæði af því myndefnið „líkist dósnum fyrir nikótínþúða“.

## 3.

Í bréfi Neytendastofu til Samkaupa, dags. 22. janúar 2025, stofnunin að hún teldi gagnaöflun málsins lokið og að málið yrði tekið til ákvörðunar.



## II. Niðurstaða

### 1.

Mál þetta lýtur að mögulegum auglýsingum á nikótínvörum hjá Samkaupum hf., rekstraraðila Krambúðanna. Er nánar tiltekið um að ræða auglýsingar á samfélagsmiðlum félagsins og inni í verslunum Krambúðanna. Auglýsingarnar sem um ræðir eru mynd af hvítum dósnum sem líta út eins og dósir fyrir nikótínþúða á grænum bakgrunni þar sem auglýst er að verð á einu stykki sé 799 kr. en ef keypt séu fimm stykki þá sé verðið 699 kr. per stykki. Taldi stofnunin að ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, kæmi til skoðunar við mat á því hvort að háttsemi félagsins hafi falið í sér brot gegn auglýsingabanni á slíkum vörum, ásamt 1. mgr. 13. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Í svörum félagsins var m.a. tekið fram að umrædd mynd falli ekki undir bann laga nr. 87/2018 við auglýsingum á nikótínvörum en hvergi á myndinni sé að finna tilvísun til þess að um nikótínvörur sé að ræða, né sýni hún neyslu eða aðra meðferð á nikótínvörum. Myndin innihaldi ekki vörumerki neins framleiðanda og hún ekki sett fram í því skyni að auglýsa eða auka sölu hennar eða neinnar ákveðinnar vöru eða vörum yfirleitt. Þá sé óljóst af myndinni hvaða vöru sé vísað til. Bent sé á að félagið selji nikótínlausar vörur í sambærilegum umbúðum og nikótínþúðar séu í. Myndin feli eingöngu í sér upplýsingar um verð í samræmi við lagaskyldu þar um. Þá beri að túlka allar takmarkanir á tjáningarfrelsi þröngt.

### 2.

Í lögum nr. 87/2018 er að finna ákvæði sem fjalla um heimildir fyrirtækja til að auglýsa nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir þær. Í 1. mgr. 11. gr. laganna er sérstaklega fjallað um bann við hvers konar auglýsingum á nikótínvörum. Er ákvæðið svohljóðandi:

*„Hvers konar auglýsingar á nikótínvörum, rafrettum eða áfyllingum fyrir þær eru bannaðar. Þá er bannað að sýna neyslu eða hvers konar meðferð nikótínvara, rafrettna eða áfyllinga í auglýsingum. Neytendastofa fer með eftirlit með banni við auglýsingum á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir þær. Um málsmeðferð Neytendastofu, úrræði og viðurlög vegna brota gegn grein þessari og um kærurétt til áfrýjunarnefndar neytendamála fer samkvæmt ákvæðum laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.“*

Eins og orðalag ákvæðisins gefur til kynna er fyrirtækjum gert óheimilt að birta hvers kyns auglýsingar á nikótínvörum. Þá er jafnframt að finna bann við að sýna neyslu eða hvers konar meðferð nikótínvara í auglýsingum.



Í 1. tölul. 3. gr. laganna er að finna skilgreiningu á hugtakinu „*auglýsing*“ í skilningi laganna. Er skilgreiningin svohljóðandi:

*„Þegar vöru eða vörumerki er komið á framfæri við almenning í því skyni að auka sölu vörunnar, m.a. með vörukynningum á hvaða formi sem er, útstillingum í verslunum eða annars staðar, umfjöllun í fjölmiðlum, vefmiðlum eða samfélagsmiðlum eða dreifingu vörusýna til neytenda.*

Skilgreining hugtaksins er rúm og nær þ.a.l. yfir flestar þær auglýsingar sem birtast á hinum ýmsu miðlum.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Lögin fela fyrst og fremst í sér vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda en einnig vernd fyrirtækja gegn óréttmætum viðskiptaháttum keppinauta vegna auglýsinga eða annarra svipaðra viðskiptaaðferða.

Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005 segir:

*„Óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.“*

Ákvæði 1. mgr. 13. gr. er matskennt og samkvæmt umfjöllun um ákvæðið í greinargerð með frumvarpi til laganna er það háð mati Neytendastofu eða dómstóla hverju sinni að meta hvort viðskiptahættir samræmist góðum viðskiptaháttum á hverjum tíma. Við það mat hefur stofnunin m.a. litið til sjónarmiða annarra laga sem eiga við um starfsemina, þar sem það á við.

### 3.

Í fyrsta lagi þá er ljóst af 1. tölul. 3. gr. laganna að skilgreining á hugtakinu auglýsing er rúm og takmarkast ekki við beina auglýsingu sem birtist í fjölmiðlum. Þannig getur það talist auglýsing í skilningi laganna hvar sem vöru er komið á framfæri með það að markmiði að auka sölu hennar. Auglýsing félagsins var sett fram með þeim hætti að tilgreint var verð vöru ásamt afsláttarverði hennar við magninnkaup. Eðli máls samkvæmt felur kynning á verði og tilboðum vöru eða vörutegundar í sér kynningu til neytenda sem er birt í því skyni að auka sölu hennar. Með hliðsjón af markmiði laganna myndi bannákvæði þeirra jafnframt fljótt missa marks ef gildissvið þeirra yrði þrengt með þeim hætti að ákvæðið eigi aðeins við um beinar auglýsingar á ákveðinni vöru eða vörumerki. Þegar horft er til inntaks ákvæðisins má



Því ljóst vera að umrædd mynd og birtingarform hennar hafi verið auglýsing í skilningi 1. tölul. 3. gr. laga nr. 87/2018.

Þrátt fyrir að í auglýsingu félagsins komi aðeins fram hvítur sívalningur sem er ekki sérstaklega merktur ákveðinni vörutegund framleiðanda eða sérstaklega tekið fram að um nikótínþúða sé að ræða, bendir Neytendastofa á að umræddur sívalningur felur í sér augljósa samlíkingu við dósir utan um nikótínþúða. Sé umrædd auglýsing því metin heildstætt er það mat stofnunarinnar að myndin feli í sér beina skírskotun til þess að félagið selji nikótínþúða. Í svari sínu vísa Samkaup jafnframt til þess að félagið selji einnig nikótínlausar vörur í sambærilegum umbúðum og nikótínþúðar. Að mati stofnunarinnar verður að gera þá kröfu til seljenda nikótínvara að ekki fari á milli mála að þær vörur sem fyrirtækið auglýsir falli utan ákvæðisins. Í þessu samhengi bendir Neytendastofa á að ekkert í umræddri auglýsingu Samkaupa gefur til kynna að hún eigi aðeins við um vörur án nikótíns. Ber því að mati stofnunarinnar að ganga út frá því að umrædd auglýsing feli eða kunni að fela í sér skírskotun til bæði nikótínþúða og sambærilegrar vöru án nikótíns. Með hliðsjón af því felur umrædd auglýsing eftir sem áður í sér auglýsingu á nikótínvörum óháð því hvort auglýsingin kunni jafnframt að eiga við um sambærilega vöru án nikótíns.

Hvað varðar tilvísun Samkaupa til ákvæðis 17. gr. laga nr. 57/2005 bendir stofnunin á að lög nr. 87/2018 eru sérlög gagnvart lögum nr. 57/2005. Þrátt fyrir að lög nr. 57/2005 kveði á um skyldu til að birta ákveðnar upplýsingar þegar viðskiptaaðferðum er beitt, s.s. birtingu verðupplýsinga, gilda þær eðli máls samkvæmt ekki við þær aðstæður þegar bannað er að auglýsa ákveðna vöru. Skyldan til að birta verðupplýsingar fyrir vöru ganga því ekki framar banni við að auglýsa hana við þær aðstæður sem falla undir bannákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018. Þá ætti Samkaup að vera í lófa lagið að birta verð vörunnar samhliða vörunni sjálfri. Að öllu framangreindu virtu er það því mat stofnunarinnar að umrædd mynd sé auglýsing á nikótínvörum sem feli í sér brot gegn 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018.

Hvað varðar athugasemdir félagsins í tengslum við 73. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og að allar takmarkanir á tjáningarfrelsi skuli túlka þröngt þá vísar stofnunin til þess að ákvörðun þessi byggir á lögum og er það jafnframt mat stofnunarinnar að umræddar auglýsingar séu í þágu réttinda annarra, sbr. 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar.

Með hliðsjón af framsetningu framangreindra auglýsinga telur stofnunin jafnframt að félagið sé með birtingu þeirra að viðhafa viðskiptahætti sem eru óhæfilegir gagnvart neytendum, enda um að ræða auglýsingar á vörum sem eru ávanabindandi, hafa áhrif á heilsu notenda og er þar að auki bannað að auglýsa þær lögum samkvæmt. Hefur félagið því með áðurgreindum viðskiptaháttum jafnframt brotið gegn 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005.

Telur Neytendastofa rétt, með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005 sbr. 3. málsl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, að banna Samkaupum hf. að viðhafa framangreinda viðskiptahætti.



Bannið tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar. Félaginu er veittur frestur í fjórar vikur frá dagsetningu ákvörðunarinnar til að fjarlægja markaðsefni sem ákvörðun þessi lýtur að.

Samkvæmt a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laganna, og reglum settum samkvæmt þeim um bann við óréttmætum viðskiptaháttum, sbr. II.-VIII. kafla laganna. Með vísan til alls þess sem fram hefur komið og eðli þeirra auglýsinga sem um ræðir telur Neytendastofa rétt að leggja á sekt í samræmi við heimildir laganna.

Með vísan til framangreindra sjónarmiða telur Neytendastofa brot Samkaupa hf. alvarlegt auk þess að stríða gegn góðum viðskiptaháttum sem varða ávanabindandi vörur og kunna að hafa áhrif á heilsu notenda. Að teknu tilliti til þessa, umfangs brotsins og jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnsýslulaga telur Neytendastofa hæfilegt að leggja á Samkaup hf. stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 300.000,- (þrjú hundruð þúsund krónur).

### III.

#### Ákvörðunarorð:

**„Samkaup hf., Krossmóa 4, 230 Keflavík, hefur með því að auglýsa nikótínvörur brotið gegn ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, og 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.**

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sbr. 3. másl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, bannar Neytendastofa Samkaupum hf. að viðhafa framangreinda viðskiptahætti. Bannið tekur gildi frá dagsetningu ákvörðunar þessarar og skal félagið innan fjögurra vikna fjarlægja markaðsefni sem ákvörðun þessi lýtur að. Verði það ekki gert innan tilskilins frests má búast við að tekin verði ákvörðun um sektir.

Með heimild í a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Samkaupum hf. gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 300.000 kr. (þrjú hundruð þúsund krónur) vegna brotsins. Sektina skal greiða í ríkissjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.“

Neytendastofa, 24. febrúar 2025

Dórunn Anna Árnadóttir  
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir